

*Tollflokkun

Úrskurður nr. 3/2004.

Kærð er tollflokkun tollstjóra á ljósum sem ganga fyrir sólarrafhlöðu og eru ætluð til nota til merkingar á mannvirkjum í sjó, sem birt var í “Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru” nr. 0300049. Tollstjóri flokkaði vöruna í vörulið 9405 sem annan ljósabúnað. Kærandi gerir kröfu um að varan verði flokkuð í vörulið 8530 sem umferðarstjórnabúnaður. Tollstjórinn í Reykjavík gerir kröfu um að varan verði flokkuð í vörulið 8531 sem ragmagnsljósmerkjatæki. Ríkistollanefnd staðfesti álit tollstjórans í Reykjavík

Tollalög nr. 55/1987 100. gr., 101., 102. gr., 142. gr. Lög nr. 132/1999 um vitamál

Með bréfi, dags. 6. febrúar 2004, sem barst nefndinni þann 9. febrúar 2004 kærir L. h.f. NFV, tollflokkun tollstjóra á ljósum sem notuð eru til merkingar mannvirkja í sjó. Ljós þessi eru knúin sólarrafhlöðum. Fyrirtækið óskaði eftir bindandi upplýsingum um tollflokkun vörunnar hjá tollstjóra. Í svari tollstjórans sem fram kom í (“)Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru nr. 0300049, dags. 11. nóvember 2003 og staðfest var á nýjan leik þann 6. febrúar 2004, er varan tollflokkuð í tollnúmer 9405.4009, með vísan til 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár. Kærandi gerir kröfu um að varan verði flokkuð í tnr. 8530.8000 eða í annan flokk ef réttara þykir.

Í kröfum umboðsmanns kæranda segir m.a. að ljós þau sem deilt er um tollflokkun á séu notuð af öryggisástæðum og til stjórnunar á skipaumferðar í höfnum og fjörðum, til merkingar á mannvirkjum í höfnum og fjörðum, til merkingar á fiskeldisstöðvum og til að merkja siglingaleiðir meðfram ströndinni. Þá segir að ljósin gangi fyrir sólarrafhlöðum og séu flutt inn frá Noregi en framleidd í Canada.

Kærandi telur réttast að varan verði tollflokkuð í vörulið 8530 en þar segir: Rafmagnsmerkja-, öryggis- eða umferðarstjórnabúnaðar fyrir járnbrautir, sporbrautir, vegi, vatnaleiðir, bílastæði, hafnarmannvirki eða flugvelli (þó ekki búnaður í nr. 8608). Kærandi vísar til 3. almennu reglu um túlkun tollskrárinnar þar sem segir að vöruliður sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu skuli tekin fram yfir vörulið með almennari vörulýsingu og telur að vöruliður 8530 og undirflokkurinn 8000 feli í sér nákvæmari lýsingu en tnr. 9405-4009 og varan eigi því réttilega að flokkast í fyrrnefnda flokkinn. Þá segir í kærinni að vöruliðurinn 8530 feli í sér að vara þurfi að vera einhvers konar rafmagnsmerkjabúnaður. Umrædd vara sé saman sett sem búnaður til að virkja sólarljós í rafmagn, rafhlaða og ljósbúnaður. Því er mótmælt að það sé í samræmi við 1. og 6. reglu almennra reglna um túlkun tollskrárinnar að sérhæfður öryggisbúnaður eins og umrædd vara sé falli undir vöruliði sem lýsa lömpum og ljósgjöfum til heimils og iðnaðarnota eins og kærandi telur að fram komi í hinu kærða álit tollstjóra. Kærandi telur beinlínis rangt að fella umrædda vöru undir flokkinn 9405 sem tekur til ljósabúnaðar sem er tengdur föstum ljósgjafa. Varan sem hér er til umfjöllunar er ekki tengd föstum ljósgjafa. Kærandi telur að tnr. 8530.8000 feli í sér að vara þurfi að gegna þeim tilgangi að þjóna öryggis- eða umferðarstjórnunarlegu hlutverki. Af heimasíðu framleiðanda vörunnar, sé ljóst að varan sé framleidd í þeim eina og sérstaka tilgangi að þjóna öryggis- og umferðarstjórnunarlegu hlutverki. Þessu til stuðnings vísar kærandi til laga nr. 132/1999 um vitamál. Þar er fjallað um skyldu til merkingar farartálma á siglingaleiðum. Eigandi farartálma beri ábyrgð og kostnað af slíkri merkingu. Ljóst sé að slíkar merkingar séu mikilvægt öryggisúrræði. Kærandi telur að nauðsynlegt sé að öryggisbúnaður til slíkra merkinga njóti eðlilegrar tollmeðferðar í samræmi við þá notkun sem búnaðinum er ætlað og lög krefjast að notaður sé. Ljóst sé að skylda hvílir til ljósmerkinga til að mynda á eldiskvíum, baujum vegna kræklingaeldis o.s.frv. Þá segir að umrædd vara sé hönnuð í samræmi við þær kröfur sem Alþjóða- vitastofnunin gerir til ljósmerkinga. Varan gefi frá sér gult ljósleiftur á 5 sekúndna fresti og uppfyllir þannig þær kröfur sem gerðar eru til öryggis- og umferðarstjórnunarabúnaðar við eldiskvíar og jafnframt um merkingar farartálma. Kærandi vísar í bækling um notkun vörunnar. Þar kemur fram að gerð 501 sé mest notuð við merkingar á kræklingaeldi. Gerð 601 aðallega notuð á fiskeldiskvíar og gerð 702 sé ætluð við ýmsar aðstæður þar sem ljósið þarf að sjást langt að, til að mynda til öryggismerkingar á hættulegum boðum og strandlengju

sjófarendum til leiðbeiningar. Varan henti tæpast til annarrar notkunar en sem öryggis- og umferðarstjórnunartæki á siglingaleiðum. Varan verður varla notuð til stöðugar lýsingar. Kærandi telur mikilvægi þessarar vöru fyrir sjófarendur vera mikið, m.a. í ljósi vaxandi fiskeldis og annars eldis sjávardýra. Ekki sé ólíklegt að telja að merkingum á slíkum stöðum hafi að einhverju marki verið ábótavant og því þekkist lítið til vara sem hafa það að markmiði að merkja slíka staði lögum samkvæmt. Ljóst sé að umrædd vara sé framleidd og hafi einungis notkunarmöguleika til þess að vera öryggis- og umferðarstjórnunarbúnaður í tnr. 8530.8000 frekar en í 9405.4009. Þá vísar kærandi til tollflokunar norskra tollayfirvalda á sömu vöru og telur að samræmis verði að gæta á flokkun á sömu vöru. Þá telur kærandi að auk þess sem tollflokkurinn 8503.8000 komi til greina þá virðist honum að flokkurinn 8608.0000 komi einnig til greina fyrir vöruna. Þessu til stuðnings er bent á þá vélrænu eiginleika vörunnar að vera samansett úr rafhlöðu, sólarorkubúnaði, ljósi og birtuskynjara. Varan virkar því fyrst og fremst til öryggis og umferðarstjórnunar þegar hennar er þörf, þ.e. í myrkri, þegar birtuskynjarinn lætur hana virka. Kærandi krefst þess að ákvörðun tollstjóra verði breytt þannig að varan tollflokki ekki í tollflokk 9405.4009 heldur í tollflokk 8530.8000 eða annan flokk ef réttara þykir.

Ríkistollanefnd sendi kærana til umsagnar til tollstjórans í Reykjavík með bréfi, dags. 9. febrúar 2004. Í svari sem barst nefndinni þann 5. mars 2004 s.á. segir m.a. að þó það sé ekki tekið fram í kærinni byggji hún á heimild í 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 sem hljóðar svo eins og henni var breytt með a-lið 16. gr. I. kafla laga nr. 155/2000: „*Innflytjandi getur skotið úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr. úrskurði tollstjóra skv. 100. gr., þó ekki úrskurði sem kæranlegur er til ráðherra skv. 102. gr., og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga, talið frá póstlagningu úrskurðar eða ákvörðunar*” Ákvörðun tollstjóra um bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru sé gerð skv. 142. gr. tollalaga og er eins og fyrr segir frá 11. nóvember 2003 og var send til fyrirspyrjanda, NFV, í pósti þann sama dag. Ekki hafi verið um ákvörðun tollstjóra að ræða þann 6. febrúar s.l., þar var einungis verið að staðfesta ákvörðun sem þegar hafði verið tekin og tilkynnt aðila máls. Kærufrestur sé 60 dagar eins og komi skýrt fram neðan máls í ákvörðuninni sjálfri. Þessi frestur hafi verið liðinn þann 10. janúar s.l. sem var laugardagur og framlengdist því til mánudagsins 12. janúar. Kæran er dagsett 6. febrúar og berst nefndinni þann 9. febrúar eða tæpum mánuði eftir að kærufrestur er liðinn. Þá segir í kröfugerð tollstjóra að uppi sé efnislegur ágreiningur um tollflokkun vörunnar. Tollstjóri ákvað tollflokkun vörunnar í vörulið 9405 en kærandi heldur því fram að varan eigi að flokkast í vörulið 8530 þar sem hún sé til að „*stjórna/beina skipaumferð í höfnum og fjörðum, til öryggismerkingar á mannvirkjum í höfnum og fjörðum, til öryggismerkingar á fiskeldisstöðvum og til að merkja siglingaleiðir meðfram ströndinni.*” Þá haldi kærandi því fram að umrædd vara geti ekki flokkast í vörulið 9405 þar sem hún sé ekki tengd föstum ljósgjafa.

Texti vöruliðar 9405 skiptist í tvo efnishluta, sá fyrri tekur til lampa og ljósbúnaðar, en sá seinni tekur til ljósaskilta, ljósanafnskilta og þess háttar sem tengt er föstum ljósgjafa. Lampar og ljósbúnaður þarf ekki að vera tengdur föstum ljósgjafa til að flokkast í þennan vörulið.

Varan sem hér um ræðir eru vatnspétt ljós sem ganga fyrir sólarorkurafhlöðum. Þau gefa frá sér ljós sem blikkar 5. hverja sekúndu. Þau eru að stærð frá 11 til 34 cm hæð, og 1,1 til 7,75 kg. á þyngd. Þau eru ætluð til að festa á ýmsa hluti sem þurfa að sjást. Ekki þarf að skipta um rafhlöður eða perur.

Þá segir að Ísland sé aðili að alþjóðlegum samningi um samræmda vörulýsingar- og vöruheitaskrá, samræmd tollskrá. Alþjóðatollastofnunin (World Customs Organization (WCO)) hafi umsjón með samningnum og framkvæmd hans og í því skyni m.a. gefið út skýringarbækur um túlkun hans (Explanatory Notes). Samningurinn um samræmdu tollskrána var undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 10. janúar 1985, sbr. auglýsingu nr. 25/1987 í C-deild Stjórnartíðinda. Með lögum nr. 96/1987, um breytingu á tollalögum nr. 55/1987, voru tollflokunarreglur samræmdu skrárinnar teknar í notkun hér á landi við tollafgreiðslu á vörum 1. janúar 1988, en tollskráin og túlkunarreglur hennar voru birt sem viðauki I. við löginn.

Þá segir að við flokkun vöru í tollskrá beri að fara eftir túlkunarreglum hennar, sem birtar eru fremst í henni, og þá fyrst og fremst þeirri fyrstu sem hljóðar svo: „*Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla og brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum.*” Þegar kemur að flokkun vöru í undirlíði, kemur til kasta 6. túlkunarreglunnar sem hljóðar svo: „*Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirlíði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirlíðanna og sérhverri*

tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.” Tollflokkun þessarar vöru fer fyrst og fremst eftir orðalagi vöruliðar en þeir vöruliðir sem hér er um deilt hljóða svo:

- 8530 Rafmagnsmerkja-, öryggis- eða umferðarstjórnbúnaður fyrir járnbrautir, sporbrautir, vegi, vatnaleiðir, bílastæði, hafnarmannvirki eða flugvelli (þó ekki búnaður í nr. 8608):
- 9405 Lampar og ljósabúnaður, þar með talin leitarljós og kastljós og hlutar til þeirra, ó.t.a.; ljósaskilti, ljósanafnskilti og þess háttar sem tengt er föstum ljósgjafa, og hlutar til þeirra, ó.t.a.:

Þá segir í kröfugerð tollstjóra að hann geti ekki fallist á það að hér sé um að ræða búnað til að stjórna umferð eða öryggisbúnað eins og nefndur sé í vörulið 8530. Í því sambandi er rétt að taka fram að hvorki lög um vitamál, reglugerð um vita og sjómerki né heldur reglur Alþjóðavitamálstofnunarinnar hafa áhrif á flokkun vöru í tollskrá. Flokkun fer eftir túlkunarreglum tollskrár og texta hennar. Hér er um að ræða einstaka ljósgjafa, luktir, sem gefa frá sér ljós á 5 sekúndna fresti. Þeir séu ekki hluti af neinum búnaði sem ætlað er að stjórna umferð eins og t.d. umferðarljós sem gefa þrjú mismunandi merki eftir því hvernig umferðin á að hegða sér, hvort hún eigi að stansa, bíða eða halda áfram. Ljósið sé einungis til að gefa umferðinni merki eins og til að mynda upplýst umferðarmerki, en þau flokkast í sína eigin vöruliði í tollskrá (8310, 9405 o.s.frv.) ekki sem umferðarstjórnbúnaður í vörulið 8530. Þessu til stuðnings má benda á almennar skýringar við vörulið 8530 á bls. 1494 í skýringarriti Alþjóðatollastofnunarinnar þar sem búnaði sem þar flokkast er lýst. Jafnframt er bent á frávisunarathugasemd við vöruliðinn þar sem merkjum, einnig upplýstum, er vísað frá í sína eigin vöruliði (8310, 9405 o.s.frv.) Eftir nánari skoðun telur tollstjóri að þar sem um sé að ræða ljós sem blikka og gefa þar með frá sér merki fyrir aðvífandi umferð, sé tekið undir sjónarmið kæranda að vöruliður 9405 eigi ekki við þessa vöru. Það er annar vöruliður sem til greina kemur en það er vöruliður 8531 sem hljóðar svo:

8531 Rafmagnshljóðtæki eða ragmagnsljósmerkjatæki (t.d. bjöllur, sírenur, merkjatöflur, innbrota- eða bruna-viðvörðunarkerfi), þó ekki vörur í nr. 8512 eða 8530:

Orðalagið rafmagnsljósmerkjatæki á við þessa vöru þar sem hún gefur frá sér merki með blikkljósi. Henni er best lýst með orðalagi vöruliðar 8531 og flokkast því þar samanber einnig athugasemd 1. f. við 94. kafla tollskrár.

Embættlið mun endurskoða fyrri ákvörðun sína í ljósi ofanritaðs.

Með vísan til þess að frestur til að kæra ákvörðun tollstjóra var liðinn þegar kæra barst ríkistollanefnd, sbr. 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr 55/1987 eins og henni var breytt með a-lið 16. gr. 1. kafla laga nr. 155/2000, er aðalkrafa tollstjóra að kærinni verði vísað frá. Til vara er þess krafist, ef ríkistollanefnd telur ástæðu til að taka efnislega afstöðu í málinu, að varan verði úrskurðuð í tollflokk 8531.8000 á grundvelli 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár, sbr. athugasemd 1. f. við 94. kafla.

Ríkistollanefnd sendi kæranda greinargerð tollstjórans í Reykjavík til umsagnar þann 5. mars 2004 í ábyrgðarbréfi. Í svari sem barst nefndinni þann 15. mars s.á er aðalkröfu tollstjóra mótmælt. Kærandi telur að svar tollstjórans um tollflokkun umræddrar vöru sem gefið var eftir að sérstök beiðni var sett fram þann 28. janúar 2004 hafi falið í sér sérstaka ákvörðun. Þessi ákvörðun sé dagsett 6. febrúar 2004. Telur kærandi að sú ákvörðun sé kæránleg til ríkistollanefndar, sbr. orðalag 1. mgr. 101. gr.

Þá telur kærandi að það gæti misskilnings um tilgang 60 daga frestreglu 1. mgr. 101. gr. tollalaga í málflutningi tollstjóra. Tilgangur reglunnar sé ekki að girða fyrir kæru til ríkistollanefndar hafi fyrstu ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru ekki verið vísað til nefndarinnar innan 60 daga. Fresturinn þjónar augljóslega þeim tilgangi að tryggja að ákvarðanir tollstjóra verði bornar sem fyrst undir ríkistollanefnd til þess að draga úr líkum á því að ríkistollanefnd fái kærúmál til meðferðar jafnvel þótt tollaframkvæmd tollstjóra hafi breyst, t.d. vegna nýrra upplýsinga o.þ.h. Skýra ber 1. mgr. 101. gr. í samræmi við þennan tilgang

ákvæðisins. Ljóst sé hver afstaða tollstjóra til tollflokunar umræddrar vöru var þann 6. febrúar 2004 og er sú ákvörðun til umfjöllunar nú á kærustigi hjá ríkistollanefnd.

Þá segir í greinargerð kæranda um kröfugerð tollstjóra að það liggja fyrir að tollstjóri hafi breytt fyrri afstöðu sinni um tollflokun umræddrar vöru. Verði frávisunarkrafa tollstjóra tekin til greina sé ljóst að hin breytta ákvörðun tollstjóra sem birtist í kröfugerð hans dags. 4. mars 2004 sé kæránleg til ríkistollanefndar. Frávísunarkrafa tollstjóra sé því illskiljanleg. Það hljóti að vera tollstjóra í hag að æðra stjórnvald skeri úr um þann vafa sem augljóslega sé fyrir hendi um tollflokun vörunnar. Mikilvægt sé því að ríkistollanefnd taki kærana til efnismeðferðar.

Um varakröfu tollstjóra segir í greinargerð kæranda að honum hafi verið ljóst að fleiri vöruliðir en 8530 hafi komið til greina við flokkun vörunnar eins og fram hafi komið í niðurlagi kæru hans. Það sé hins vegar ljóst að tollflokun 9405 komi ekki til greina eins og tollstjóri hafi nú fallist á, sbr. greinargerð hans. Mótmælt er afstöðu tollstjóra til áhrifa sérлага við tollflokun, sbr. fyrstu málsgrein í IV. lið greinargerðarinnar. Kærandi telur ljóst að sérlög hafi gildi við beitingu tollskrárinnar umfram það sem tollstjóri heldur fram. Jafnvel þótt forsendur tollskrárinnar séu unnar á alþjóðlegum vettvangi þá sé ekki þar með sagt að við skýringar og túlkun hennar eigi að útiloka ákvæði sérлага á hinum ýmsu sviðum. Tollskráin sækir augljóslega hugtök og ýmsar forsendur tollflokunar til hugtakaskilgreiningar laga, t.a.m. um hvað teljist vélknúð ökutæki, skip o.s.frv. Kærandi ítrekar fyrri kröfu.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Aðalkrafa tollstjóra er sú að málinu verði vísað frá þar sem lögbundinn 60 daga kærufrestur sé liðinn. Til vara krefst tollstjóri þess að varan verði úrskurðuð í tollflok 8531 8000 á grundvelli 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár, (og) sbr. athugasemd 1. f. við 94. kafla.

Kærandi mótmælir aðalkröfu tollstjóra um frávisun málsins. Kærandi gerir kröfu um að umrædd vara verði tollflokkuð í tnr. 8530.8000 eða annan flokk ef réttara þykir. Tollstjóri flokkaði vöruna í hinu kærða „Bindandi álit nr. 0300049” í tnr. 9405.4009. Tollstjóri ítrekar þetta álit sitt í svari til kæranda dags. 6. febrúar 2004. Í greinargerð sinni um kærana breytir tollstjóri flokkun sinni og flokkar vöruna í tnr. 8531.8000. Kærandi gerir ekki athugasemdir við þetta nýja álit tollstjóra.

Fyrir liggur að í upphafi var óskað eftir bindandi álit um tollflokun vörunnar þann 28.10.2003 og lá afstaða tollstjóra fyrir þann 11. nóvember 2003. Með bréfi dags. 28. janúar 2004 óskaði kærandi eftir Bindandi álit um tollflokun vöru á ný vegna sömu vöru. Tollstjóri ítrekaði skriflega fyrri álit sitt þann 6. febrúar 2004. Telur ríkistollanefnd að með staðfestingu sinni á tollflokun vörunnar á ný verði að líta svo á að tollstjóri hafi í reynd gefið út nýtt Bindandi álit um tollflokun og því beri að miða tímafresti og öll réttaráhrif við dagsetninguna 6. febrúar 2004, sbr. 101. gr. tollalaga. Þau álit sem gefin hafa verið um tollflokun vörunnar, þ.m.t. væntanlegur úrskurður ríkistollanefndar nú gildir hins vegar ekki afturvirk. Aðalkröfu tollstjóra um frávisun er hafnað skv. framansögðu. Ríkistollanefnd vekur athygli á því að um fyrirspurnir um tollflokun vöru gilda Reglur nr. 117 frá 10. mars 1994 um fyrirspurnir til tollstjóra um tollflokun vara. Í því máli sem hér er til umfjöllunar hefur hvorki af hálfu fyrirspyrjanda né af hálfu tollstjóra verið fylgt þeim formskilyrðum sem reglurnar gera ráð fyrir þegar seinni fyrirspurn kæranda var afgreidd, þ.e. að fyrirspurn og svar skuli vera á sérstöku þar til gerðu eyðublaði. Ríkistollanefnd telur þetta þó ekki skipta máli hér, enda tollstjóri búinn áður að gefa álit um tollflokun sömu vöru á sérstöku eyðublaði. Þá nýtti tollstjóri sér ekki heimild í 2. mgr. 3. gr. Reglna nr. 117 um að svara ekki beiðni telji hann hana tilefnislausu. Hlýtur þessi afstaða tollstjóra að styðja það sjónarmið að hér sé um nýja fyrirspurn að ræða.

Kærandi mótmælir síðan afstöðu tollstjóra um að sérlög hafi ekki áhrif á tollflokun vöru. Að mati ríkistollanefndar er það rétt túlkun hjá tollstjóra að um tollflokun vöru fer eftir tollskrá, enda hefur tollskráin lagagildi og felur í sér sérlög um tollflokun vöru. Vara sú sem hér er deilt um tollflokun á eru vatnspétt ljós sem ganga fyrir sólarorkurafhlöðum og eru ætluð sérstaklega til notkunar til merkingar í sjó eða ferskvatni. Í bæklingi framleiðanda og á heimasíðu hans kemur fram að ljósin eru blikkljós útbúin svonefndum „díóðuperum” og gefa frá sér ljós sem blikkar 5. hverja sekúndu. Sólarrafhlaða sem er sambyggð ljósunum sér um hleðslu innbyggðrar rafhlöðu. Ljósin þarfnast enngar tengingar utan frá til að virka. Ljosið af gerð 601 er gert til að draga 1- 2 sjómílar. Ljosið er búið örgjörva sem hægt er að forrita með fjarstýringu með innrauðu ljósi. Ljosið getur þannig blikkað yfir 200 tegundum/gerðum af alþjóðlegum blikkmerkjum. Að auki getur ljósið slökkt og kveikt á sér sjálfvirkt. Ljosið af gerð 501 er gert til að draga allt að 1 sjómílu. Ljosið hefur innbyggt 7 mismunandi

merkjategundir/blikktegundir en hægt er að fá það forritað skv. Alþjóðlegum merkjastaðli. Ljósíð af gerð 702 er gert til að draga allt að 3 sjómílur. Ljósíð er búið örgjörva sem hægt er að forrita með fjarstýringu með innrauðu ljósi. Ljósíð getur þannig blikkað yfir 200 tegundum/gerðum af alþjóðlegum blikkmerkjum. Að auki getur ljósíð slökkt og kveikt á sér sjálfvirkt. Ljósíð hefur auk þess fullkomnari samskipti við notanda svo sem að geta stillt sjálfvirka ræsingu, ræst og stoppað sjálfvirka virkni ofl. Þá getur notandi skoðað stöðu rafhlaðna í ljósinu með fjarstýringunni. Ljósíð slekkur á sér hafi það verið lengur en 20 klst. í myrkri.

Ljósín eru ætluð til merkinga á hluti í ferskvatni eða sjó s.s. á fiskeldisker, baujur, bryggjusporða, innsiglingar og svo framvegis. Þau eru að stærð frá 11 til 34 cm á hæð, og 1,1 til 7,75 kg. að þyngd.

Hvað varðar tollflokkun vörunnar eru nefndarmenn sammála hinu breytta álitu tollstjórans í Reykjavík um flokkun hennar. Gera verður greinarmun á því hvort vörunni sé ætlað það hlutverk að stjórna eða merkja. Í þessu tilviki sem hér er til umfjöllunar er ljóst að vörunni er fyrst og fremst ætlað að merkja hluti í sjó eða vatni en ekki til umferðarstýringar. Jafnframt vísar ríkistollanefnd til C. liðar við tnr. 8531 í skýringarbók (Explanatory Notes) við samræmdu tollskrána, en þar er talað um annan rafmagnsmerkjabúnað sem blikkar og er ætlaður til leiðbeiningar fyrir flugvélar, skip, lestar og önnur farartæki. Að öðru leyti er vísað er til rökstuðnings tollstjóra með hinni breyttu tollflokkun vörunnar. Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, og til almennra reglna um túlkun tollskrár, liðar 1 og 6, úrskurðar ríkistollanefnd að blikkljós sem ætluð eru til merkinga á mannvikjum í sjó eða ferskvatni skuli tollflokkast í tnr. 8531.8000. Hin kærða niðurstaða sem sett var fram á ný með álitu þann 6. febrúar 2004 er felld úr gildi.